



Bláskógabyggð



Tvö störf: Verkstjóri og starfsmaður veitna

Bláskógaveita annast rekstur og framkvæmdir við hita- og vatnsveitu Bláskóga-
byggðar. Vegna mikilla umsvifa og framkvæmda er óskað eftir að ráða tvo starfs-
menn:

Verkstjóri veitna sinnir eftirfarandi verkefnum í samráði við veitustjóra:

- daglegum rekstri, umsjón og viðhaldi veitukerfa
- nýframkvæmdum við vatnsöflun, veitukerfi og mannvirki þeim tengd
- heimlögnum og tengingum
- verkstjórn og stýringu verktaka
- vinnu við áætlanagerð
- ber ábyrgð á öryggisþáttum
- er staðgengill veitustjóra

Menntunar- og hæfniskröfur:

- menntun sem nýtist í starfi, t.d. í málmiðngreinum
- reynsla og þekking á sviði veitna og framkvæmda er æskileg
- færni í mannlegum samskiptum
- færni til að stjórna og leiðbeina
- frumkvæði í starfi og sjálfstæð vinnubrögð
- góð almenn tölvukunnátta
- ökuréttindi
- suðu- og vinnuvélaréttindi eru kostur

Starfsmaður veitna sinnir, undir stjórn veitustjóra eða verkstjóra,:

- verkefnum sem tengjast daglegum rekstri, umsjón og viðhaldi veitukerfa
- vinnu við nýframkvæmdir, heimlagir og tengingar

Menntunar- og hæfniskröfur:

- menntun eða reynsla sem nýtist í starfi, t.d. í málmiðngreinum
- reynsla og þekking á sviði veitna eða framkvæmda er kostur
- færni í mannlegum samskiptum
- frumkvæði í starfi og sjálfstæð vinnubrögð
- ökuréttindi
- suðu- og vinnuvélaréttindi eru kostur

Um er að ræða tvö 100% störf, en auk þess þurfa báðir starfsmenn að vera tilbúnir til að ganga bakvaktir samkvæmt nánara skipulagi og sinna útköllum, komi upp bilanir eða rekstrartruflanir. Vegna þess er búsetta á dreifisvæði veitunnar eða í næsta ná-
grenni æskileg.

Umsóknum um störfin skal fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem ástæður umsóknar koma fram og rökstuðningur fyrir hæfni umsækjanda til að gegna starfinu. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Launakjör eru samkvæmt kjara-
samningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og hlutaðeigandi stéttarfélags.

Umsóknarfrestur er til og með 26. mars næstkomandi. Einstaklingar eru hvattir til að sækja um starfið óháð kyni. Umsóknir skulu berast á www.alfred.is. Nánari upp-
lýsingar um störfin veitir Kristófer Tómasson, sviðsstjóri framkvæmda- og veitusviðs Bláskógabyggðar, í síma 480 3000, netfang kristofer@blaskogabyggd.is.

Bláskógaveita tilheyrir framkvæmda- og veitusviði Bláskógabyggðar og er hluti af mikilvægum innviðum í sveitarfélaginu. Dreifisvæði veitunnar tekur til Laugaráss, Laugarvatns, Reykhólts og dreifbýlis í talsverðum hluta Bláskógabyggðar. Íbúar í Blá-
skógabyggð eru um 1.550, en auk þess eru um 2.000 sumarhús í sveitarfélaginu.